

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10, Rvk.

Reykjavík 05. mars 2004

Augnlæknafélag Íslands lýsir vonbrigðum sínum yfir því nefndaráliti sem Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis sendi frá sér um þskj. 981 – 340. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984

Ekki er tekið tillit til neinna þeirra athugasemda, sem Augnlæknafélag Íslands hefur bent á í þessu frumvarpi, hvað varðar augnheilsu landsmanna.

Í nefndarálitinu er lagt til að ráðherra skuli setja í reglugerð skilyrði um menntun sjóntækjafræðinga. Mikið atriði er að þær kröfur verði með þeim ströngustu á Norðurlöndum.

Augnlæknafélag Íslands harmar að í nefndaráliti standi að ráðherra *geti* í reglugerð takmarkað heimildir sjóntækjafræðinga til að mæla sjón, í stað þess að ráðherra *skuli* takmarka heimildir sjóntækjafræðinga til að mæla sjón.

Í fylgiskjali I. frá Landlæknisembættinu “greinagerð um starfsvið sjóntækjafræðinga” er lagt til að takmarkanir sjóntækjafræðinga til sjónmælinga (þeirra sem til þess hafa leyfi) verði sem líkastar þeim sem nú gilda á Norðurlöndum. Lagt er til af landlæknisembættinu að sjóntækjafræðingar með tilskilda menntun megi ekki láta frá sér fara sjónhjálpartæki án fyrirsagnar augnlæknis til eftirfarandi einstaklinga:

1. Barna undir 12 ára aldri
2. Fólks sem aldrei hefur áður farið til augnlæknis til athugunar á sjón
3. Sjúklinga sem hafa skilgreindan augnsjúkdóm eða aðra kvilla sem skaðlegir gætu verið sjón, svo sem sykursýki.
4. Sjúklinga sem eiga nána ættingja með gláku.
5. Fólks sem náð hefur 55 ára aldri
6. Fólks sem ekki hefur betri sjónskerpu en 6/12
7. Hafi sjón versnað skyndilega, séu takmarkanir á sjónsviði, sé einstaklingur rangeygður eða hafi tvísýni.

Augnlæknafélag Íslands lýsir furðu sinni á áliti nefndarinnar þar sem “nefndin telur ekki rétt að miða við ákveðið aldurshámark”. Þetta er bein ávísun á komandi augnskaða þar sem ýmsir sjúkdómar í augum munu greinast seinna en ella.


Augnlæknafélag Íslands vill sterklega undirstrika að eitt af aðalhlutverkum þess er að gæta vel að augnheilsu landsmanna á allan hátt.

Það er mat augnlækna að skerpa skuli enn frekar á um eftirfarandi ákvæði um takmarkanir sjóntækjafræðinga til sjónmælinga.

1. Barna, það er einstkinga undir 18 ára aldri
2. Fólks sem aldrei hefur áður farið til augnlæknis til athugunar á sjón
3. Sjúklinga sem hafa skilgreindan augnsjúkdóm eða aðra kvilla sem skaðlegir gætu verið sjón, svo sem sykursýki, háþrýsting, skjaldkirtilssjúkdóm...
4. Sjúklinga sem eiga nána ættingja með gláku, eins og foreldra, systkyni, afa og ömmu.
5. Fólks sem náð hefur 40 ára aldri.
6. Fólks sem ekki hefði betri sjónskerpu en 6/6 eða 1.0

Augnlæknafélag Íslands harmar að ekki hafi verið sett ákvæði um viðurlög ef lög þessi verða brotin.

Virðingarfyllt



Kristján Þórðarson, formaður Augnlæknafélgs Íslands

Þorkell Sigurðsson, gjaldkeri Augnlæknafélgs Íslands

Eydís Ólafsdóttir, ritari Augnlæknafélgs Íslands

Afrit sent til
Heilbrigðisráðherra og Landlæknis